



Alþingi
Erindi nr. P 132/2129
komudagur 19.5.2006
SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dagsetning

Tilvísun

Ísafirði, 17. maí 2006

nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, 666. mál, miðlægur þinglýsingargagnrunnur

Sýslumanninum á Ísafirði hefur með bréfi samgöngunefndar Alþingis dags. 5. maí 2006, verið gefinn kostur á að tjá viðhorf sitt til framkomins frumvarps til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, 666. mál. Af því tilefni er nefndinni veitt svohljóðandi:

u m s ö g n

Fyrirliggjandi frumvarp er samið með það að markmiði að bæta réttaröryggi og auka þjónustu við hagsmunaaðila þegar um þinglýsingar og nauðungarsölu á skipum er að ræða. Með því að siglingastofnun og sýslumaðurinn á Ísafirði leggi saman krafta sína, er unnt að einfalda stjórnsýsluna og þróa rafræna stjórnsýslu varðandi þinglýsingar á skipum.

I. Um aðdraganda frumvarpsins

Staðið hefur til um hríð að færa þinglýsingar skipa inn í Landskrá fasteigna og var hugmyndin ávallt sú að skipin yrðu falin einu embætti, enda innan við 2300 skráningarskyld skip á landinu öllu, þar af tæp 900 þeirra innan við 5 brúttótonn að stærð og því einungis um skráningarskyldu en ekki skyldu til þinglýsingar að ræða. Til samanburðar má nefna að loftförum hefur verið þinglýst hjá sýslumanninum í Reykjavík eingöngu og er þar um að ræða um það bil 200 loftför, sem eru í eigu flugfélaga héraðs.

Margs konar óhagræði er nú við þinglýsingu á skipum, fyrst og fremst vegna þess að flytja þarf öll skjöl milli landshluta. Slíkt er óþarft í tengslum við fasteignir, þar sem þær verða ekki auðveldlega fluttar á milli umdæma. Fasteignabók skv. 8. gr. þinglýsingalaga nú langt komin að verða tölvufærð í Landskrá fasteigna, en nokkuð skortir þó á að færslum sé lokið. Um er að ræða verkefni sem hefur verið áratug í undirbúningi og 5 ár eru liðin frá því að skráin varð til í núverandi mynd. Þinglýsingarstjórar hafa hafið skönnun þinglýstra eignarheimilda, en framkvæmd hefur ekki verið samræmd. Þannig hafa sum embættin einskorðað sig við skönnun þinglýstra eignarheimilda, en önnur skanna öll skjöl sem koma inn til þinglýsingar, svo sem veðbréf, umboð, veðleyfi, og ýmiss konar yfirlýsingar.

Með því að framkvæmd þinglýsingar skipa fari eingöngu fram hjá einu embætti, er unnt að auka afgreiðsluhraða og þjónustu við viðskiptamenn. Iðulega er málum þannig háttað, að viðskiptamenn eða viðskiptabankar eigenda skipa eru annars staðar á landinu en þar sem skipið er gert út. Með því nýmæli sem lagt er til í frumvarpsdrögum, að unnt verði að skanna skjöl hjá hvaða sýslumannsembætti á landinu þar sem aðgangur viðskiptamanns er bestur en engu að síður að skjali verði þinglýst í rétttri skjalaröð þar sem öll gögn varðandi viðkomandi skip eru þegar vistuð, er unnt að jafna stöðu viðskiptamanna hvar sem þá er að finna á landinu. Þetta verður enn einfaldara þegar unnt verður að senda skjöl rafrænt frá viðskiptabönkum eða öðrum vottuðum aðilum, en sá möguleiki er þegar til skoðunar hjá tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytis og verður líklega reyndur fyrst í tengslum við þinglýsingar á skipum.

Eins og framkvæmdin er í dag, eru öll skjöl tengd viðkomandi skipi póstsend á milli sýslumannsembætta þegar eigendaskipti verða að skipinu eða þegar eigendur flytja starfsstöð eða lögheimili á milli umdæma. Eins og málum er nú háttað, er það sýslumannsembættið þar sem skipið er skráð, sem er rétt stjórnarsýslustofnun til að framkvæma þinglýsingar og nauðungarsölur, óháð því hvar viðskiptin eiga sér stað og óháð staðsetningu lánastofnana. Við þetta bætist, að Siglingastofnun er samverkandi stofnun í tengslum við eigendaskipti skipa, þar sem hún hefur með höndum skipaskráningu og þurfa því þrjár opinberar stofnanir að koma að þinglýsingu og skráningu skips þegar það færast á milli umdæma.

Á Ísafirði eru bæði sýslumannsembætti sem og útibú Siglingastofnunar staðsett og þar að auki í sama húsi. Ein helsta forsenda frumvarpsins er einföldun stjórnarsýslunnar og bætt þjónusta og nái frumvarpið fram að ganga munu þær stofnanir byggja upp samræmdan gagnagrunn varðandi skipaskráningu og þinglýsingar skipa og vinna náið saman á daglegum grunni til þess að veita sem allra besta þjónustu.

II. Einstakar athugasemdir við frumvarpið

Sýslumaðurinn á Ísafirði telur víst að þær tillögur sem eru fram settar í frumvarpinu muni horfa til bóta. Rétt þykir að fjalla um nokkur atriði er þar koma fram:

1. Samkvæmt a. lið 6. gr. frumvarpsins, er gerir ráð fyrir breytingu á 43. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að skjölum verði einungis þinglýst á grundvelli áritana á frumrit skjala og á sá möguleiki að þinglýsingastjóri móttaki skannað skjal einungis við um dagbókarfærslu og þegar skönnun skjals fer fram hjá sýslumannsembætti. Sama gildir um aflýsingu á veðskjölum. Þessi möguleiki um skönnun er settur fram, til þess að tryggja að unnt verði að hraða afgreiðslu eins og mögulegt er og til að jafna stöðu landsmanna, óháð búsetu. Öll frumrit verði sent til Ísafjarðar, móttökustimpluð, gjöld innheimt og þinglýsingin sjálf framkvæmd með hefðbundnum hætti.

Rétt er að taka fram, að fjölmörg skjöl sem varða skip, varða einnig önnur þinglýsingarandlög, s.s. veiðarfæri og annað lausafé ýmiss konar er flokkast undir sammingsveð og fylgir skipinu skv. 31. gr. þinglýsingalaga. Þetta á m.a. við um

olíubirgðir sem og fylgifé eða lausafé, veiðarfæri, skipsbúnað og önnur áhöld. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu viðkomandi skips og öðlast réttarvernd með skráningu á blað veðsala í skipabók, í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Það tefur því enn afgreiðslu slíkra skjala ef þeim þarf að þinglýsa á fleiri en einum stað. Fáheyrt er að skjöl er tengjast skipum varði einnig fasteignir, en slíkt getur auðvitað gerst, með sama hætti og þegar skjöl tengjast fleiri en einni fasteign, sem eru staðsettar í mismunandi umdæmum. Slíkt heyrir til algjörra undantekninga og yrði þá leyst með sama hætti og gert hefur verið til þessa; skjali yrði þinglýst í tveimur eða fleiri umdæmum.

2. Samkvæmt 18. grein frumvarpsins, er gerir ráð fyrir breytingu á 2. mgr. 18. grein laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum, þá er gert ráð fyrir því að meginreglan verði sú, að nauðungarsölur skipa fari fram hjá sýslumanninum á Ísafirði. Þó er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela öðrum sýslumanni uppboðsmeðferð, óski aðili eftir því. Ekki er unnt að sjá að verulegt óhagræði geti skapast vegna þessa, enda einungis lítill hluti af skipum í uppboðsmeðferð, sem seld eru lokasölu. Í flestum tilvikum er uppboðsbeiðni afturkölluð áður en til lokasölu kemur. Þá heyrir það til undantekninga að uppboðsbeiðendur eða væntanlegir kaupendur mæti í eigin persónu til sýslumanns við lokasölu, heldur er í lang flestum tilvikum um það að ræða að lögfræðingar á viðkomandi stað mæta við uppboð á skipum, með sama hætti og þeir gera við uppboð á fasteignum. Þá getur verið að skip sé alls ekki staðsett í því umdæmi þar sem salan fer fram, enda ekki áskilnaður um slíkt í lögum. Ekki mun koma til þess að málsmeðferð nauðungarsala þurfi að fara fram á tveimur embættum, enda ber að hafa í huga þann möguleika að unnt verði að fela öðrum sýslumanni sölumeðferð á skipum eins og fram hefur komið.

Nokkur umræða hefur skapast um yfirfærslu sölumeðferðar á milli sýslumannsembætta og hvort nauðsynlegt sé að sýslumaður verði settur sérstaklega til slíkrar meðferðar. Telja verður að með því að lagaheimild sé veitt fyrir því að sölumeðferð færist til annars sýslumanns, feli í sér fullnægjandi lagastoð fyrir viðtakandi sýslumannsembætti, enda um stjórnarsýslu að ræða en ekki refsimeðferð og málið í raun flutt á milli embætta eins og gerist daglega við ýmsar embættisfærslur sýslumanna. Nægir að nefna að eitt sýslumannsembætti mun á næstunni taka við innheimtu sekta fyrir sýslumenn um land allt. Sú breyting er aðeins ein af mörgum, er fela í sér breytt inntak sýslumannsembætta.

III. Niðurstöður

Skoða verður umsagnir sýslumanna í ljósi þess að um þessar mundir fara í hönd miklar breytingar á starfsumhverfi sýslumanna og því möguleiki á verulegum umbótum í starfseminni. Á það ber að líta, að frumvarpið sem hér er til umfjöllunar, hefur ekki í för með sér breytingu á starfsmannafjölda hjá sýslumannsembættum, til þess er breytingin of lítil. Einnig ber að líta til þess að hún hefur ekki í för með sér tilfærslu fjármagns á milli embætta. Það er því óþarfi að óttast fyrirhugaðar breytingar, enda inntak

sýslumannsembætta að breytast víða um land, bæði með tilfærslu verkefna á milli embætta sem og nýjum verkefnum til embættanna.

Það sem unnist getur með framkomnu frumvarpi um breytingu á þinglýsingu skipa, er fyrst og fremst aukið réttaröryggi og sérhæfing og þar með betri þjónusta við viðskiptamenn.

Virðingarfyllst,


Sigríður B. Guðjónsdóttir
Sýslumaður Ísafirði

